

Til þeirra er málið varðar,

Nú eru listdansskólarnir sem starfa samkvæmt aðalnámskrá í hættu. Þeir berjast fyrir lífi sínu þar sem fjármögnun frá ríki til skólanna hefur ekki breyst í fjölda ára og stefnt er að setja kennsluna í útboð. Fyrir okkur er ekki skýrt hvort breytingarnar séu til að spara fé eða til að efla danskennslu á Íslandi. Mennta-menningarmálaráðuneytið hefur lofað okkur að þetta sé ekki tilraun til að skera niður en við sjáum að byrjað er að skera niður þar sem einn skóli hætti í vor (BRYN) án þess að fjármögnun þess væri skipt á milli skólanna þriggja sem enn eru starfandi og eru í fjárþröng, JSB, Klassíski listdansskólinn og Listdansskóli Íslands.

Í mörg ár hefur verið mikið ójafnrétti og misskipting í fjármögnun til skólanna frá ríkinu. Ég bað Ívu Sigrúnu Björnsdóttur sem vinnur hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu að senda mér tölurnar um heildarupphæð sem fer í listdansnám á Íslandi og hvernig því er skipt. Hún sendi mér tölur frá 2016, enda hafa þessar tölur ekki breyst á síðustu árum jafnvel þó svo öll útgjöld skólanna hafi hækkað í takt við það sem er að gerast í samfélaginu.

Hér að neðan má sjá hvernig skipting fjármagns er til skólanna. Rökin á misskiptingunni virðast fela í sér nemendafjölda.

Árlegar greiðslur miðast við 79 ársnemendur á framhaldsstigi og námu þær samtals 123,2 [m.kr.](#) árið 2016, sem gerir 1,56 [m.kr.](#) á ársnemanda.

Nemendaígildi skiptast með eftirfarandi hætti í dag: BRYN – 5 (7,8 [m.kr.](#)), Listdansskóli Íslands – 37 (57,72 [m.kr.](#)), Klassíski – 17 (26,52 [m.kr.](#)) og JSB – 20 (31,2 [m.kr.](#)).

En þessar nemendafjölda tölur eru mjög skakkar, í dag er JSB með langflesta nemendur og Klassíski listdansskólinn og Listdansskóli Íslands eru með álíka marga nemendur.

Það hefur líka margoft komið fram í samtali við ráðuneytið, að fjárveiting eigi ekki að vera í nemendaígildum og eru þar allir skólastjórnarnir sammála, það kostar jafn mikið að halda úti framhaldsbraut með 25 nemendum og 45 nemendum. Ef sömu heildarupphæð yrði deilt jafnt á skólana þrjá, sem væri eðlilegast og ætti í raun að hafa gerst frá upphafi, þá væri hver skóli að fá 41 m. kr. Það hefur komið skýrt fram af hálfu ráðuneytis að ekki sé hægt að stækka heildarupphæðina. Af hverju er þessu ekki jafnt skipt, svo skólarnir njóti sömu réttinda? Nú hef ég verið að reka Klassíska listdansskólann á hörkunni síðastliðin þrjú ár frá því ég tók við af Guðbjörgu Astrid Skúladóttur. Ég er svo heppin að vinna með metnaðarfullum kennurum og starfsfólki, við vinnum öll allt of mikla vinnu fyrir allt of lág laun en starfið okkar er faglegt og við náum miklum árangri en við gætum gert svo miklu betur ef upphæðin færi í 41 m. kr. Tala nú ekki um ef hún færi í sömu upphæð og Listdansskóli Íslands er með í dag þ.e. 57,72 [m.kr.](#) Hvers vegna þetta misrétti?

Mig langar einnig að koma á framfæri til ykkar á alpingi að ég hef áhyggjur af framvindu málsins varðandi fyrirhuguðum breytingum á framhaldsnámi í listdansi, og óska þess að nokkur atriði verði tekin til greina.

Fyrsta atriði er það að mikil óvissa ríkir varðandi hvernig fyrirhugðu útboði verður háttað.

Mér finnst í raun enn óboðlegt að það eigi að setja framhaldsnámið í útboðsferli og skólarnir þrír sem nú bjóða upp á framhaldsbraut í listdansi eigi að skila inn tillögu af braut í sameiningu án þess að vita nokkuð hvernig þessu útboði verður háttað.

Stjórnendur skólanna þriggja hafa allir ólíka sýn á það hvernig við viljum byggja brautina upp. Það að skólarnir hafi ólíka sýn tel ég vera styrkleika, því við eigum að bjóða upp á fjölbreytta námsflóru í listdansi á Íslandi. Með því að setja allt námið í sama kassa er í raun verið að stefna skólunum á móti hvor öðrum í stað þess að við getum ræktað með okkur samtal og samstarf.

Það er algjört lykiltríði að fjölbreytileiki í danslist sé til staðar hérlendis og hefur það sýnt mikinn árangur erlendis að boðið sé upp á fjölbreytt dansnám. Við tökum vel eftir grósku í íslenska danssamfélaginu frá því að aðeins var starfandi einn skóli sem bauð upp á framhaldsnám í listdansi, þangað til JSB og Klassíska listdansskólinn bættust í hópinn. Hvorki væri grundvöllur fyrir að hafa nám í listdansi á háskólastigi hérlendis né að halda úti öflugri starfssemi Íslenska dansflokksins, ef við myndum stíga til baka og missa 1-2 þessara skóla sem nú starfa út úr námsflórunni

Dansnámið er ekki bara mikilvægt fyrir danssenuna heldur samfélagið í heild sinni. Dansnemendur öðlast þekkingu, færni og reynslu sem kemur sér vel í hvaða starfsferli sem þau velja sér eftir námið. Margar rannsóknir styðja við ávinning skapandi náms. Nýleg rannsókn sýnir til dæmis fram á að þeir sem njóta aðgengis að listum sem börn eru átta sinnum líklegri til að fara út í nýsköpun, verða frumkvöðlar og eiga sitt eigið fyrirtæki síðar meir (LaMore, R. o.fl., 2013, Arts and Crafts: Critical to economic innovation.).

Ef ákvörðun á að vera tekin um það hvaða skólar fái að halda áfram að bjóða upp á framhaldsnám í listdansi þætti mér eðlilegt að við fengjum að starfa undir sömu réttindum og sömu fjárveitingu frá ríkinu í 2 ár, áður en ákvörðun er tekin. Þetta gerir einnig nemendum sem nú eru á 1. ári tækifæri til að ljúka þriggja ára námi í skólanum sem þau völdu sér.

Annað atriði varðar uppsetningu á Listdansbraut MH sem verður sett í útboð. Verkefni var sett í hendurnar á FÍLD (Félags Íslenskra listdansara) af ráðuneytinu en í stjórn FÍLD sitja stjórnandi L.Í, Guðmundur Helgason og aðstoðaskólastjóri JSB, Irma Gunnarsdóttir. Irma sem er formaður FÍLD hefur fengið greitt frá ráðuneytinu fyrir vinnuna við uppsetningu og er búin að leggja mikið á sig í þessa vinnu en þetta eru bara ekki rétt vinnubrögð. Þó að allir reyna að halda hlutleysi, erum við eins og áður hefur komið fram, öll að brenna fyrir mismunandi atriðum. Þetta er styrkur okkar en þetta gerir það að verki að framvinda í málinu gengur hægt. Það er mikið í húfi fyrir skólana og þess vegna þarf að mínu mati að fá einhvern aðila inn í málið sem hlustar jafnt á alla stjórnendur skólanna þriggja til að tryggja að rétt sé farið að við þessa vinnu og að það ríki algjört jafnræði.

Ég hef komið þessu á framfæri til stjórnar FÍLD og til Mennta-
menningarmálaráðuneytis en ég tel að ráðuneytið þurfi að skýra vinnuferlið ef þetta verkefni á að takast.

Ég veit að það er hvergi skilgreind skylda ríkisins að halda úti eða a.m.k. styrkja danskennslu en það er í lögum t.d. um tónlistarnám og íþróttir. Ísland er mjög framarlega þegar kemur að þjálfun barna í íþróttum. Byggt hafa verið íþróttahallir og gerð hefur verið krafa um þjálfun þjálfara í flestum íþróttagreinum. Um er að ræða frábært starf, við sjáum að íslensk stjórnvöld geta metið árangur slíkra stefna og óskum að jafn metnaðarfull stefna yrði gerð fyrir danslistina. Hægt væri að gera slíkt með því að bæta inn lagaákvæði í frumvarp um sviðslistir sambærilegt þeim sem finna má í íþróttalögum nr. 64/1998 og lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985. Ég tel því afar mikilvægt að skólum sem kenna danslist sé

tryggður öruggur rekstrargrundvöllur þannig að þeir geti áfram uppfyllt mikilvægt hlutverk sitt í íslenskri menningu.

Ég vona að þetta mál verði vel skoðað, misrétti leiðrétt sem fyrst og síðast en ekki síst að listdansnám verði bundið í lög á Íslandi.

Bestu kveðjur
Hrafnhildur Einarsdóttir
Skólastjóri Klassíska listdansskólans